

Stjórnarfundur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Safnahúsinu á Húsavík, 10. Mars 2022 kl. 13.30 15.00

Mætt voru: Halldór Jón Gíslason, Knútur Emil Jónasson, Katý Bjarnadóttir, Gerður Sigtryggisdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason og Halldóra J Friðbergisdóttir ásamt Árna Pétri Hilmarssyni forstöðumanni MMP.

Halldór Jón, formaður stjórnar setti fund. Gerði var falið að rita fundargerð. Árni Pétur forstöðumaður fór yfir dagskrá fundarins.

1. Verkefnaáætlun
 - a. Forstöðumaður fór yfir verkefnaáætlun ársins
2. Fjárhagsáætlun 2025
 - a. Tekjur eru áætlaðar 107,1 mkr og gjöld 106,7 mkr. Áætlun gerir því ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu um 420 þús kr.
3. Samvinnusýningin, yfirfærsla á réttindum
 - a. Stjórn samþykkir að MMP taki við sýningunni sem hefur hingað til verið í samstarfi við Samvinnusýninguna á Húsavík (SH) Stjórn staðfestir einnig að samningur sá sem gerður var á milli MMP og SH árið 2010 sé felldur úr gildi.
4. Styrkir 2025 og komandi verkefni
 - a. Sótt hefur verið um ýmsa styrki þ.á.m. styrk til endurbóta á lýsingu í sjóminjasafninu upp á 4,4 mkr en 2 mkr fengust og verða þær nýttar í verkefnið á þessu ári. Heildarstyrkveitingar ársins frá safnasjóði eru 5,8m
5. Sýningar og viðburðir 2025
 - a. Forstöðumaður fór yfir sýningaáætlun ársins. Fjölmargin listamenn koma til með að sýna á árinu
6. Viðhald 2025
 - a. Forstöðumaður fór yfir ástand hússins og ljóst er að mikil viðhaldsskuld er uppsöfnuð. Forgangsverkefni er að endurnýja þak hússins og er fyrirliggjandi tilboð í verkið að fjárhæð 35 mkr. Stjórn samþykkir að sveitarfélögunum verði sent erindi þar sem óskað verður eftir aukaframlögum sem standi undir kostnaði af viðgerðunum.
7. Bílastæði við bókasafn
 - a. Þörf er á að endurnýja malarplan við bókasafnið. Fyrirliggjandi er minnisblað og verðtilboð frá Garðvík í verkið að fjárhæð 3-4 mkr. Framkvæmdin yrði með blöndu af hellulangningu og Ecoraster plastgrindum. Rætt er um að ekki sé um forgangsverkefni að ræða og fjármunum ef til vill betur komið í annað. Forstöðumanni falið að meta verkefnið.
8. Skilti á hafnarsvæði
 - a. Hafnarstjóri hefur óskað eftir aðkomu MMP að útilistaverki á hafnarsvæðinu á Húsavík. Samtal aðila hefur þróast með þeim hætti að skynsamlegt þykir að setja upp stórar ljósmyndir sem myndu gera sögunni skil. Stefnt er að því að sett verði upp 6 skilti með nafni MMP ásamt QR kóða sem væntanlega mun auka komur ferðafólks í safnið. Enginn kostnaður fellur á MMP við verkefnið.

9. Kynningarmál – samstarfsverkefni

- a. Forstöðumaður fer yfir ýmis samstarfsverkefni á sviði kynningarmála s.s. sögu mánaðarins úr Árbók Þingeyinga þar sem gestum verður boðið upp á headphone til að hlusta.

10. Árbók Þingeyinga

- a. Forstöðumaður fer yfir útgáfu Árbókarinnar sem stóð ekki undir sér árið 2024. Mikil heimild og mikilvægt að halda útgáfu áfram en finna leiðir til að fjölga áskrifendum.

11. Starfsmannamál

- a. Fullmannað er fyrir sumarið á öllum starfsstöðvum

12. Opnun 2025

- a. Aðgangseyrir hefur hækkað nokkuð verulega á undanförunum árum og ekki er talið skynsamlegt að hækka aðgangseyri í ár. Opnunartími verður óbreyttur frá fyrra ári.

13. Önnur mál

- a. Forstöðumaður sagði frá verkefninu Safna sem nú er í vinnslu. Einnig sagði hann frá skiltagerð fyrir Grenjaðarstað. Rætt var um að vegna skattlagningar á skemmtiferðaskip má vænta samdráttar í komu ferðamannahópa sumarsins.

Fundi slitið kl. 14.30